

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

Bráðabirgðalög um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl., undirskrifuð af forsetanum 20. ágúst 1945, nr. 79.

Bráðabirgðalög um togarakaup ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 23. ágúst 1945, nr. 80.

Bráðabirgðalög um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu, undirskrifuð af forsetanum 29. september 1945, nr. 81.

Bráðabirgðalög um viðauka við bráðabirgðalög frá 20. ágúst 1945, um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 82.

AUGLÝSING

um kartöfluverð o. fl.

174

28. sept.

Ráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 76 2. ágúst 1945, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna, að útsöluverð á kartöflum skuli frá og með 1. október næstkomandi vera þannig:

Í heildsölu:

I. flokkur	kr. 88.00 hver 100 kg
Úrvalsflokkur	— 100.00 — 100 —
II. flokkur	— 77.00 — 100 —

Í smásölu:

I. flokkur	kr. 1.10 hvert kg
Úrvalsflokkur	— 1.25 — —
II. flokkur	— 0.96 — —

Jafnframt hefur ráðuneytið falið Grænmetisverzlun ríkisins að kaupa eða semja við aðra um kaup á þeim kartöflum, sem framleiðendur í landinu vilja selja af þessa árs uppskeru, eftir því sem ástæður leyfa og samkvæmt því, sem hún ákveður.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. september 1945.

Pétur Magnússon.

Gunnl. E. Briem.